

## Skerpa 3 – kennsluleiðbeiningar

### Undirbúningur lotukennslu

Allar lotur eru eins upp byggðar. Nemendur fá í upphafi hverrar lotu allt námsefni hennar afhent, hvort sem kennari bætir við efni bókarinnar eða heldur sig við hana. Nemendum er einnig afhentur leslisti og verkefnaskrá þar sem kennari er búinn að skipuleggja nám næstu þriggja vikna. Mikilvægt er að kennari sem ekki hefur kennt efnið áður útskýri vel fyrir nemendum gang lotunnar og mikilvægi þess að hver nemandi beri ábyrgð á sínu eigin námi.

Að þessu öllu loknu hefst hið eiginlega nám. Kennari leggur efni lotunnar inn í litlum skömmtum samkvæmt verkefnaskránni. Gott er að miða við að innlögn taki ekki mikið lengri tíma en 10–15 mínútur. Umræður, þegar þær fara fram, geta auðvitað tekið lengri tíma. Að innlögn lokinni ættu flestir nemendur að geta sinnt náminu sínu. Kennari getur þá sinnt betur þeim nemendum sem ekki skilja efnið að lokinni innlögn.

Margir nemendur geta lesið sér til og skilið námsefni án þess að fylgjast með innlögn kennara. Sjálfsagt er að leyfa nemendum að fara sínar leiðir í náminu, við tileinkum okkur hlutina á misjafna vegu. Aldrei ætti að halda aftur af nemanda sem vill sýna sjálfstæð vinnubrögð svo lengi sem hann skilur það sem hann er að vinna með.

Til að nemendur fylgist vel með hvað tímanum líður er upplagt fyrir kennara að hafa alltaf á töflunni skráð hvaða lota og vika er í gangi og hvaða dag lotuprófið og verkefnaskil eru.

Gott er að nemandi kanni stöðu sína með sjálfsprófi í lok lotu og geti þá fyllt í götin ef á þarf að halda.

Á prófdegi skilar nemandi fullkláruðum verkefnum lotunnar í þar til gerðri möppu. Best er að nota litlu þunnu plastmöppurnar. Margir hafa til síðs að hafa lokaskiladag fastsettan og draga nemendur niður í einkunn ef honum er ekki haldið til að kenna nemendum mikilvægi þess að fylgja skipulagi.

Sá nemandi sem vinnur hraðar en gengur og gerist og er löngu fyrir lotuprófsdag búinn að ljúka allri vinnu lotunnar og sýna kennara hana þarf að fá að taka lotuprófið strax og halda áfram. Hann tekur b-útgáfu lotuprófsins sem er án stafsetningar og getur þá tekið stafsetningarhlutann með öðrum nemendum á tilsettum tíma.

**Hvernig er farið yfir lotu?** Þegar nemendur skila lotu er komið að yfirferð kennara. Best er að fara yfir hvern þátt lotunnar fyrir sig þar sem gefin er einkunn fyrir hvern þátt. Misjafnt er eftir kennurum hvernig þeir vilja fara yfir lotur. Til þess að vinnan verði ekki kennara ofviða er gott að hann skanni hluta verkefnanna en fari vel yfir einstök verkefni. Gott er að fara vel yfir skyggðu verkefni þar sem þau endurspeglar oft aðalumfjöllunarefni hvers þáttar. Nákvæm yfirferð á öllum verkefnum er ekki í boði enda er ekki ætlast til þess. Farið yfir valin verkefni.

Tillaga að yfirferð.

1. Kennari skannar hversu mörg verkefni eru samviskusamlega unnin. Hálfunnin og illa unnin verkefni teljast vera óunnin. Hafi verið 20 verkefni í þættinum (t.d. í málfræðiþættinum) og nemandi vinnur 15 þeirra vel byrjar hann með einkunnina 7,5 í málfræði ( $15/20 = 0,75$ ).
2. Kennari skannar verkefnin og fer vel yfir valin verkefni úr þættinum (hlutanum sem verið er að fara yfir). Séu þau fullkomlega unnin heldur hann einkunninni 7,5 en séu þau það ekki lækkar hann með tilvísun í það hvernig þau eru unnin.
3. Kennari þarf að gæta að sami kvarði sé notaður á alla nemendur.

### Vefur Skerpu

Vefurinn inniheldur ýmis gögn sem nýtast kennara við undirbúning og yfirferð lotu, s.s. einkunnaforrit og glærusafn. Ef þú ýtir á myndirnar af glærunum hér í kennsluleiðbeiningunum ferðu beint inn á síðuna sem sýnir þau glærusöfn sem til eru. Vef Skerpu finnur þú á slóðinni <http://skerpa.forlagid.is>

# Kennsluleiðbeiningar – lota 1

## Markmið

Markmið lotunnar er að nemendur rifji upp og öðlist öryggi í að greina og vinna með orðflokka. Það er gert með verkefnum og umræðu um einkenni og tilgang flokkanna í tungumálinu okkar. Ýmis verkefni og lestur bókmennta hjálpa nemendum að auka orðskilning sinn og verða færari málnotendur. Með ritun læra nemendur að beita flestu því sem þeir læra. Stafsetning og greinarmerkjasetning ásamt framsetningu efnis eru hin augljósustu atriði. Ritunin endurspeglar einnig málfræðikunnáttu sem birtist í réttu málfari, hvort sem það er beyging orða, orðaröð eða önnur atriði hennar.

Í lotunni sem og öðrum lotum efnisins öðlast nemendur færni í að tjá sig í ræðu og riti.

Í bókmenntahluta lotunnar er áhersla lögð á rómantík og hvernig hún endurspeglar íslensku þjóðfélagi.

## Kjörbók

Hver nemandi þarf að velja sér kjörbók við hæfi. Því er gott að kennari útbúi sér þrískiptan lista yfir kjörbækur sem tekur mið af getu nemenda. Eðlilegt er að slakasti hópurinn, hæglausir nemendur með slakan lesskilning, lesi bækur sem eru léttar aflestrar og ekki of langar. Miðhópurinn fær heldur þyngri bækur og lengri en sterkasti hópurinn ræður við hvaða skáldsögu sem er en gott er að miða við að hún sé ögrandi á einhvern hátt. Sögur ættu að kenna öllum nemendum eitthvað nýtt og auka lesskilning.

Listinn gæti litið út eitthvað á þessa leið en hann þarf að vera ítarlegri og því ætti kennari að breyta honum og bæta við að vild.

Hæglausir nemendur

*Þvílík vika* eftir Guðmund Brynjólfsson

*Garðurinn* eftir Gerði Kristnýju

Miðlungslæsir nemendur

*Gauragangur* eftir Ólaf Hauk Símonarson,

*Oddaflug* eftir Guðrúnu Helgadóttur

*Mávahlátur* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur

Hraðlæsir nemendur

*Þriðja táknið* eftir Yrsu Sigurðardóttur

*Vetrarsól* eftir Auði Jónsdóttur

## Bókmenntir

Hér þarf að fjalla um tvær bókmenntastefnur, rómantík og nýrómantík. Ástæðan fyrir því að þessar tvær stefnur eru hafðar saman en raunsæi ekki skellt á milli er að við viljum varpa ljósi á hversu margt er líkt með þessum tveimur stefnum og hvað breytist við komu nýrómantíkur. Hér er gott að láta nemendur velta fyrir sér hvað þeim finnst felast í rómantík í dag. Þá væri æskilegt að kennari skrifaði upp á töflu það sem nemendum finnst vera rómantík og það sem raunverulega var rómantík.

Einnig þarf að fjalla um ljóðahátt sem er forn bragarháttur frá því fyrir landnám. Vísur undir hættinum eru 6 línur. Ljóðið skiptist í tvennt. Fyrstu tvær línurnar í hvorum helmingi stuðla saman en síðan kemur stök lína sem er sér um stuðla.

Dæmi: Ástarstjörnu  
yfir Hraundranga  
skýla næturský;  
hló hún á himni,  
hryggur þráir  
sveinn í djúpum dali.

Tengja þarf ljóð við bókmenntastefnurnar og sýna nemendum hvernig eigi að finna einkenni bókmenntastefnanna í ljóðum.

Í Hugfinni, sem Námsgagnastofnun gefur út, er að finna umfjöllun um stefnurnar.

## Ritun

Hér þarf að rifja vel upp byggingu efnisgreina og þau hugtök sem tengjast henni. Glærur til að nota við þá upprifjun er að finna á vef Skerpu.

### Einnar efnisgreinar ritun – rökfærsla



## Málfræði

Hér er upprifjun á fallorðum. Fara þarf vel í gegnum einkenni fallorða og orðflokkagreiningu.



## Málfarshornið

Í málfarshorninu eru tekin fyrir ýmis atriði sem auðgað geta mál nemenda eða bætt skilning þeirra á málinu á einhvern hátt. Þetta er gert til að kalla fram samræðu nemenda og kennara. Í þessu fyrsta verkefni eru tekin fyrir skyldleikaorðin í íslensku sem sum hver virðast á undanhaldi.

Gott er að hafa aðgang að snara.is til að fletta upp orðum og fleira.

## **Framsögn og tjáning**

Nemendur eru minntir á með fyrirvara að velja sér ljóð og æfa flutning.

Nauðsynlegt er að búið sé að láta nemendur horfa inn á við og átta sig á því hvernig þeir skilgreina rómantík því bókmenntafræðileg rómantík og hversdagsleg rómantík er ekki sú sama.

Nauðsynlegt að hver nemandi rökstyðji skoðun sína. Hér er gott að minna nemendur á að þegar þeir segja: „Mér finnst þetta af því að ...“ þá séu þeir að rökstyðja.

## Kennsluleiðbeiningar – lota 2

### Markmið

Markmið lotunnar er að halda áfram að byggja upp góða þekkingu á tungumálinu. Nú beinist athyglin að því að byggja upp góðar málsgreinar og orðaröð. Beiting þessara atriða er síðan æfð í verkefnum og ritun.

Þá læra nemendur að umgangast og vinna með heimildir og þar með notkun beinna og óbeinna tilvitnana.

Í bókmenntum beinist athyglin að raunsæisstefnunni og þeirri endurspeglun sem hún er á þjóðfélaginu. Raunsæissögur sýna okkur oftast lítilmagna samfélagsins sem þær varpa ljósi á en minna þarf nemendur á að lítilmagni þessa tíma þarf ekki að vera lítilmagni í dag. Samfélagið reynir oftast að laga stöðu lítilmagnans. Hafi kennari þekkingu á efninu er upplagt að miðla henni hér.

### Bókmenntir

Dæmi um smásögur sem endurspeгла raunsæi:

*Grimmd* eftir Halldór Stefánsson

*Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* eftir Ástu Sigurðardóttur

*Í hvaða vagni* eftir Ástu Sigurðardóttur

*Heimsóknin* eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur

*Blátt tjald* eftir Stefán Jónsson

*Lilja* eftir Halldór Laxnes

### Ritun

Í ritunarverkefni 1 þarf kennari að finna nokkrar greinar úr blöðum eða bókum fyrir nemendur eða benda á kennslubækur sem nemendur mega nota. Greinarnar þurfa að fjalla um áhugavert efni og vera þannig fram settar að auðvelt sé að skrifa úr þeim þriggja efnisgreina ritun og skrá úr þeim beinar og óbeinar tilvitnanir. Upplagt er að samþætta námsgreinar með því að leyfa nemendum að nota til dæmis náttúrufræðibókina sína. Enn betra er að vinna þetta verkefni með öðrum greinakennara sem þá færi yfir fræðilega hlutann en íslenskukennari yfir stafsetningu, uppsetningu, heimildanotkun og frágang.

## Stafsetning

Kennari ætti að vera búinn að safna að sér nokkrum dagblöðum áður en verkefnið er lagt fyrir. Hann getur t.d. beðið nemendur að koma með dagblöð með sér í skólann. Nemendur velja síðan grein og nota í stafsetningarverkefni 2. Nemendur líma blaðgreinina í stílabók. Nauðsynlegt að minna nemendur á mikilvægi þess að byggja málsgreinar rétt upp, nota stóra stafi og greinarmerki á réttan hátt.

## Málfarshorn

Skapa þarf umræðu um breytingar á málinu, bæði þær sem auðga og bæta málið og eins hinar sem ekki gera það. Hér er fjallað um þá tilhneigingu að nota þágufall með sögninni að spá en ekki þolfall eins og eðlilegt er. Hægt er að velta fyrir sér hvort þetta séu áhrif frá sögninni að þæla eða einhverju öðru. Öll umræða um málfar er góð og þótt ekki leiki vafi á að sumt sé málfarslega rangt skal forðast kreddur, höfum í huga að tungumálið er í sífelldri þróun og á ekki að staðna.

## Framsögn og tjáning

Hér þarf kennari að vera tilbúinn með orð fyrir hvern nemanda. Orðunum er úthlutað um leið og nemendur koma í púlt og þeir beðnir um að tjá sig um atriðið. Kennari getur tiltekið tímann. Nemendur fara svo heim og undirbúa ræðu um sama orð og flytja síðar.

Áður en undirbúna ræðan er flutt ætti kennari að fara yfir helstu atriði framsagnar með nemendum, s.s. að standa eðlilega í púlti, flytja mál sitt snjallt og skýrt og forðast óþarfa handapat.

## Kennsluleiðbeiningar – lota 3

### Markmið

Markmið lotunnar er að auka færni nemenda og skilning á sagnorðum. Með góðum skilningi á fjölmörgum beygingaratriðum sagna aukast líkurnar á góðri málnotkun. Með yfirferð á sögnum er skilningur á i-hljóðvarpi dýpkaður.

Í lotunni er einnig hugað að eðli flökkusagna. Skoðað er hvernig skoðanir þess sem söguna segir geta endurspeglast í henni sjálfri þegar hann dregur fram þau atriði sem hann telur mikilvæg en sleppir jafnvel öðrum.

### Bókmenntir

Í fyrsta bókmenntaverkefni velur kennari sögu sem hentar nemendahópnum. Hægt er að sækja í sjóð þjóðsagna, dagblaða eða semja sögu og nota nöfn nemenda í hana, það er skemmtilegt fyrir nemendur.

Kennari sendir nokkra nemendur fram. Hann les söguna fyrir aðra nemendur sem eftir sitja. Velur svo einn úr hópi áheyrenda til að endursegja söguna. Áður en hann segir söguna er einn nemandi af þeim sem beið sóttur. Sá nemandi sem nú hlustar þarf að endursegja söguna næsta nemanda sem sóttur er fram. Þannig gengur þetta þar til allir nemendur hafa heyrt söguna. Í lokin les kennari upphaflegu söguna aftur og þá heyrast hvaða atriði hafa gleymst, bæst við og fleira. Í kjölfarið skal ræða hvernig sögur breytast, af hverju og hvaða áhrif það getur haft.

Þjóðsögurnar sem eru lesnar eru inni á vef Snerpu. Áður en lestur hefst ræðir kennari um þjóðsögur og ævintýri; hvernig þær hafi orðið til og um þjóðsagnasöfnun víða um lönd.

<http://www.snerpa.is/net/all-tjod.htm>

### Ritun

Í ritun eiga nemendur að nýta sér þjóðsögurnar úr bókmenntunum. Í ritunarverkefni 1 þyrfti kennari að koma með hugmyndir að atburðum sem gætu orðið að þjóðsögum. Þá er hægt að benda þeim á



atburði sem þau sjálf hafa verið þátttakendur í en frásögnin hefur tekið breytingum, ekki ljóst hverjir voru á staðnum eða hver gerði hvað.

### Málfræði

Þá er komið að helstu beygingaratriðum sagnorða. Hér er um hreina upprifjun að ræða frá 9. bekk og dýpkun á efninu.

### Stafsetning

Stafsetningin er tengd kennimyndabeygingu sagnorða og y-reglum. Hér þarf að fara vel í hljóðskipti, kennimyndir sagnorða og viðtengingarhátt sagna.

### Málfarshorn

Oft eru mannanöfn sem standa saman ekki rétt beygd. Þetta kemur fram daglega í fjölmiðlum og má benda nemendum á það. Af hverju skildi þetta vera? Er það leti, þekkingarleysi eða eitthvað annað? Þá getur kennari fléttað inn í umræðuna hér fallbeygingu orðanna sonur og dóttir. Of oft heyrast sagt: „Við bjóðum Jóhönnu Sigurðardóttir velkomna,“ en ætti auðvitað að vera *-dóttur*.

### Framsögn og tjáning

Nemendur flytja myndinn texta fyrir bekkinn. Leggja þarf áherslu á að skopið skili sér og þess vegna þurfi flutningurinn að vera blæbrigðaríkur og ekki of hraður. Sá sem er að flytja myndinn texta verður að vara sig á því að vera ekki sífellt að hlæja og flissa því þá missir skopið marks og athygli áhorfenda beinist frekar að flytjanda en því sem flutt er.

Gott er fyrir kennara að vera með tiltækt efni fyrir þá sem ekki finna neitt sjálfir.

## Kennsluleiðbeiningar – lota 4

### Markmið

Hér er komið að því að dýpka þekkingu nemenda á orðhlutum. Unnin eru verkefni þar sem greina á helstu orðhlutana, mismunandi samsetningar orða og hvernig orðhlutar geta breytt merkingu og jafnvel orðflokki orðs. Lestur kjörbókar fer fram og upplagt að nemendur lesi ekki endilega allir sömu bókina heldur séu 2–3 í gangi. Stafsetningin tengist orðhlutunum; hvernig stofn getur hjálpað til við stafsetningu.

### Bókmenntir

Hugsunin hér er sú að kennari velji 2–3 bækur sem flokkaðar eru eftir getu nemenda. Hér er upplagt að nemendur sem lesa sömu bók ræði bókina í hópum undir leiðsögn kennara.

Í kennslubókinni er verkefni með Englum alheimsins. Þeir nemendur sem lesa aðrar eiga að fá í hendur viðeigandi verkefni. Öll verkefni eru eins upp byggð en bækurnar eru mjög misléttar aflestrar. Hér er tillaga að bókum:

- |   |  |   |
|---|--|---|
| A | <i>Englar alheimsins</i> eftir Einar Mát Guðmundsson.                                      | A Þær bækur sem lenda undir þessum lið henta nemendum með góðan lesskilning. Bækurnar eru krefjandi og nokkuð langar.   |
| B | <i>Bróðir Lúsifer</i> eftir Friðrik Erlingsson.<br><i>Garðurinn</i> eftir Gerði Kristnýju. | B Þær bækur sem lenda undir þessum lið henta nemendum með sæmilegan lesskilning. Þær hafa gjarnan heldur stærra letur en bækur í lið A og eru oftast styttri. |
| C | <i>Strákarnir með strípurnar</i> eftir Ingibjörgu og Lovísu Rós.                           | C Þær bækur sem lenda undir þessum lið henta hæglæsum nemendum með slakan lesskilning. Bækurnar eru stuttar með stóru letri og einföldum orðaforða.           |

## Umsagnir um bækur (í stafrófsröð)

**Bróðir Lúsifer (B).** Góður texti. Sagan fjallar um nokkra unglunga sem eru utangarðs í samfélaginu. Bókin er nokkuð tímalaus. Sagan getur hjálpað nemendum að minnka fordóma gagnvart þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Aðalpersónur sögunnar eru strákar en bókin hentar þó báðum kynjum.

**Englar alheimsins (A).** Vel skrifaður texti, myndrænn og skemmtilegur. Sagan fjallar um geðveikan einstakling sem á sinni stuttu ævi þarf að kljást við ótrúlega hluti. Sérstaða bókarinnar er að sögumaður er látinn þegar hann segir söguna. Sagan er ekki í tímaröð og krefst lesturinn því mikillar athygli. Bókin er gott innlegg í umræðu og vel til þess fallin að losa nemendur undan fordómum. Bók sem ætti að vera skyldulesning einhvern tíma á lífsleiðinni. Höfðar bæði til stráka og stelpna.

**Garðurinn (B).** Góður texti. Sagan fjallar um stelpu sem upplifir dulræna reynslu með afdrifaríkum afleiðingum. Aðalpersóna sögunnar er stelpa og sagan höfðar meira til þess kyns. Tiltölulegar fáar persónur eru í sögunni og því er hún ekki mjög flókin.

**Strákarnir með strípurnar (C).** Auðsjáanlega byrjendaverk og textinn ekki margbrotinn. Mikill unglungabragur á málfari textans og sagan mun því ekki endast lengi í kennslu. Sagan fjallar um unglingavandamál þar sem samkynhneigð kemur mikið við sögu. Varpar ágætlega ljósi á hugsanagang margra unglunga og þau stórkostlegu vandamál sem geta fylgt kynþroskaskeiðinu. Aðalpersónan er strákur en margar stelpur koma við sögu og höfðar sagan til beggja kynja.

## Ritun

Flugasaga er hlutlæg lýsing á líðan og hugsunum fólks. Kennari þarf að útskýra vel hvernig þetta getur komið fram, best er þetta gert með dæmum. Glærur fylgja á vef Skerpu.

## Málfræði

Hér er unnið með orðhluta og skilningur dýpkaður. Áður en verkefni eru unnin er gott að fara yfir með nemendum heiti orðhlutanna og hvernig atkvæði geta hjálpað þeim að skipta orðum í orðhluta. Gott að rifja upp „klappið“ frá því í fyrsta bekk.

Verkefni eru skýr en þó þarf að fara yfir þetta með nemendum. Verkefnið tengt samsetningu orða er gott og reynir þar á þekkingu nemenda á fallbeygingu og stofni orða. Þá eru einnig verkefni sem sýna hvernig ákveðnir orðhlutar geta breytt merkingu orða.

### Stafsetning

Stafsetningin gengur að mestu út á það að nemendur átti sig á að það að skipta orðum í minni einingar auðveldi þeim réttitun. Hér þarf kennari að hafa nokkur orð á takteinum þar sem þessi regla virkar vel. Einnig er farið í stofn orðflokka og sýnt hvernig stofninn getur hjálpað nemendum við stafsetningu (að sigla, að tefla).

### Málfarshorn

Hér fara að mestu fram umræður um hikorð. Taka má nokkra nemendur upp og segja þeim að flytja stutta ræðu óundirbúið og ræða svo hikorðin þeirra. Hvað eru hikorð? eru það ákveðin orð eða eru það aðstæðurnar sem ákvarða þau? Hægt að vísa í Kastljós þegar verið er að velta hikorðum fyrir sér. Búa til samtöl með og án hikorða. Nemendur spjalla saman í litlum hópum. eru hikorð alvöru orð eða hljóð?

### Framsögn og tjáning

Kennari þarf að útbúa miða með verkefnum sem tengjast bókunum sem lesnar voru.

Upplagt er að á miðunum standi t.d.:

Hvenær gerist sagan og á hverju sést það?

Hvað einkennir aðalpersónu sögunnar?

Í hvaða atburðum lendir aðalpersóna X og hvernig bregst hún við þeim?

...

Nemendur eiga að skrifa hjá sér helstu atriði og reyna síðan að hafa flutninginn þannig að þeir geti talað út frá punktunum en ekki lesa beint af blaði. Einstaka nemendur gætu þurft að fá að lesa af blaði en gott er að hvetja þá til að hafa flutninginn sem frjálslegastan. Reyna að segja frá en ekki lesa.

Í sumum tilvikum væri hægt að leyfa nemendum að vinna þetta sem paraverkefni.

## Kennsluleiðbeiningar – lota 5

### Markmið

Markmið lotunnar er að rifja upp setningarhlutana og að ná færni í að greina þá. Það er gert með ýmsum æfingum og verkefnum lotunnar. Í lotunni beinist sjónarhornið einnig að áhrifamætti fjölmiðla og ýmiss konar fréttáflutningi. Í ritun er lögð áhersla á öguð vinnubrögð í framsetningu efnis í ræðu og riti. Mörg helstu bókmenntahugtök sem tengjast ljóðum eru rifjuð upp og fest í sessi.

### Bókmenntir

Athyglinni er beint að dagblöðum í lotunni. Kennari þarf að safna saman dagblöðum um tíma því unnið er með ýmsar greinar úr þeim. Upplagt er að fá nemendur í lið með sér í söfnuninni. Nemendur lesa blöðin, rýna í textana og kynnast því á hvaða hátt er fjallað um hin ýmsu málefni þar. Um leið og nemendur kynnast dagblöðunum eru þeir fengnir til að skoða hug sinn um ýmis mál, ekki síst þau sem snúa að siðferði.

Kennari þarf að finna tvær smásögur sem nemendur lesa. Gott er að hafa í huga að þættir eins og tími, persónur og aðstæður þeirra ásamt umhverfi og boðskap séu nokkuð augljósir.

Þá nemendur sem eru fljótir með lotuna ætti að hvetja til að hefja lestur Gísla sögu Súrssonar og vinna sér þannig í haginn fyrir næstu lotu.

### Ritun

**Verkefni 1 og 2.** Í rituninni er áhersla lögð á öguð vinnubrögð. Skrifa á frétt og lesendabréf sem hægt væri að birta í dagblaði. Fjalla þarf vel um hvað þurfi að hafa í huga þegar skrifað er í opinbera fjölmiðla. Málfar, stafsetning og skipting í efnisgreinar eru hluti af því.

**Verkefni 3.** Hér er gott að sýna hvernig hægt er að nota hugkort til að skilgreina nánar áhugamál ungs fólks og greina þau í sífellt smærri einingar.

**Verkefni 4.** Kennari getur notað það hugkortaform sem honum hugnast best. Kenna þarf nemendum að nota hugkort og mikilvægt að nemendur skilji hvernig þau eru hugsuð og hvernig á að nota þau. Með þessum kortum er auðvelt að sjá hvernig einföld hugmynd getur orðið uppspretta margra annarra hugmynda – og hversu auðvelt er síðan að setja hugmyndina niður á blað og vinna með hana þar til hún verður að fullbúnum texta.

Fara vel í ferlisritun í þessu samhengi. Í glærusafninu á vef Skerpu er að finna glæsur í ferlisritun, um að gera að nota þær við kennsluna.

Kennari þarf að athuga að ritunarverkefni eru viðamikil. Lotan er umfangsmikil og því þarf að skoða hvort hún eigi að vera heldur lengri en aðrar lotur.

### **Málfræði**

Í málfræðinni þarf kennari að rifja upp hugtök orðhlutafræðinnar. Gott er að nota til þess glæurnar á Skerpuvefnum. Nemendur fá síðan þjálfun í greina orðhluta. Í tengslum við að breyta úr beinni ræðu í óbeina er ekki vitlaust að rifja upp viðtengingarháttinn og einkenni hans.

### **Stafsetning**

Sjaldan er góð vísa of oft kveðin og því er enn unnið með ýmsar n-reglur. Sniðugt væri fyrir kennara að skrifa nokkrar málsgreinar upp á töflu og fá nemendur til að skilgreina hvaða n-reglum sé beitt.

Dæmi:

Iðunn hitti Óðin snemma um morguninn og bauð góðan daginn.

### **Málfarshorn**

Í málfarshorninu beinist athyglin að málfari fjölmiðlanna. Nemendur eru beðnir að lesa dagblöð um tíma og að hlusta á útvarp og sjónvarp og punkta hjá sér það sem þeim finnst sérkennilegt eða rangt í málfari sem þeir heyra þar. Miðann eiga þeir að afhenda kennara sem fjallar um málið. Skoðanaskipti um málfar eru þörf og góð. Þau þjálfu nemendur í að tala um málið og varpa ljósi á ýmis málfarsleg atriði.

### **Framsögn og tjáning**

Í framsögn og tjáningu er unnið í 4–5 manna hópum. Nemendur eiga að semja frétt um málefni sem tengist þeim sjálfum eða öðru ungu fólki. Að sjálfsögðu þarf að gera kröfu til þess að efnið sé vel samið og flutningurinn góður.

## Kennsluleiðbeiningar – Iota 6

### Markmið

Markmið lotunnar er að rýna í menningararfinn með því að lesa heila Íslendingasögu. Nemendur kynnast Gísla sögu Súrssonar með lestri, verkefnum og umræðum, auk þess sem þeir skoða byggingu hennar. Einnig beinist athyglin að íslensku hljóðkerfi og hljóðbreytingum tungumálsins.

### Bókmenntir

Nemendur lesa Gísla sögu Súrssonar. Hægt er að hvetja til lesturs með ýmsu móti. Til dæmis er hægt að klippa út úr maskínupappír stórt ólaufgað tré og festa það með kennaratyggjói á stofuvegginn og setja á það laufblöð merkt nemendum sem sýna lesturinn. Þá fer það eftir bekkjarstærð hversu mörg laufblöð hver getur sett á tréð. Gott er að miða við 1 laufblað fyrir hverja 10 kafla. Þá eru 5 laufblöð á mann á trénu. Tréð laufgast líklega hratt eins og tré að vori.

Mikilvægt er að kennari lesi með nemendum valda kafla úr sögunni og ræði um efni hennar.

Hugarheimur Íslendingasagna þarf að verða nemendum vel kunnugur.

Nemendur vinna einnig fjölmörg verkefni í tengslum við söguna. Orðasúpan er einnig að þessu sinni helguð Gísla sögu.

### Ritun

Eftir að hafa kynnst Gísla sögu Súrssonar vel er komið að því að skrifa sögu í anda Íslendingasagna.

Hér hefur verið gefið val um að skrifa söguna sem einstaklingsverkefni eða sem paraverkefni. Kennari þarf að stýra hverjir vinna saman svo nemendur afriti ekki verkefni hver annars. Hann ætti því að láta nemendur skrá sig hjá sér. Sögunni má jafnvel skila tölvuunninni og nota þá blaðsíður bókarinnar fyrir uppkast.

### Málfræði

Fjölmörg verkefni eru í lotunni þar sem unnið er með hljóðbreytingar málsins. Hér er upplagt að ræða um tengsl i-hljóðvarps og y-reglna og tengsl y-leysis við klofningu. Einnig getur kennari skoðað

með nemendum nokkur orð úr skyldum tungumálum, s.s. Norðurlandamálum og ensku. Ef tími vinnst til er gott að setja upp leik þar sem nemendur æfa kennimyndabeygingu sagna. Hægt er að gera það með því að kennari nefnir sögn. Nemandinn sem situr fremst beygir hana í kennimyndum og finnur síðan aðra sögn sem næsti nemandi beygir og síðan koll af kolli.

### Stafsetning

Hér er ng- og nk-reglan til skoðunar. Rifjið regluna upp með nemendum. Það má ræða um vestfirskan einhljóðaframburð í tengslum við regluna. Einnig þarf að ræða um j-reglur, hvenær skuli rita j og hvenær ekki. Að auki skal fjalla um tengsl hljóðskiptanna (í-ei-i-i) og y-leysis í orðum sem af þeim eru dregin, s.s. sólskin sem kemur af sögninni að skína. Gott er að finna vísur með ng- og nk-orðum þar sem nemendur lesa samkvæmt því sem ritað er en ekki hvernig við segjum orðin venjulega, þá festast þau oft betur í minni.

### Málfarshorn

Í dag er farið að tala um þágufallshneigð í stað þágufallssýki. Nýja hugtakið felur ekki í sér jafn mikla neikvæðni og það eldra. Kennari þarf að leggja fyrir könnun til að sjá hversu algengt er að nemendur noti frumlag í þágufalli með nokkrum sögnum sem venja var að tækju með sér frumlag í þolfalli. Umræða þarf síðan að fara fram um þessa hneigð fólks til notkunar á þágufalli sem frumlagi. Könnunin gæti litið svona út:

Settu fornöfnin inn í eyðurnar eins og þú notar þau: <b>hún, hana, henni</b>
_____ langar að fara í sund.
_____ dreymdi svo skemmtilega í nótt.
_____ hlakkar til sumarsins
_____ svíður í sárið.
_____ vantar ekki neitt.



## Framsögn og tjáning

Í framsögn og tjáningu eiga nemendur að setja upp leikþátt. Kennarinn byrjar á því að skipta nemendahópnum í hæfilega litla hópa. Hver hópur dregur síðan miða með atburði úr Gísla sögu og undirbýr og flytur leikþáttinn. Það má gefa langan eða stuttan tíma í þetta verkefni, allt eftir vilja kennara. Dæmi um leikþætti gæti verið:

1	Þegar Gísli, Þorkell, Þorgrímur og Vésteinn ætla að sverjast í fóstbræðralag.
2	Þegar Auður og Ásgerður ræða saman um Véstein og Þorgrím. Og í framhaldinu það sem gerist um kvöldið hjá þeim báðum þegar þær jata allt fyrir eiginmönnum sínum, Gísla og Þorkatli.
3	Þegar Vésteinn er drepinn. Óveðrið og allir eru að bjarga húsunum, nema Vésteinn sem Gísli segir að eigi að vera inni með konum og börnum.
4	Þegar Gísli felur sig hjá Ref og Álfdísi. Börkur og hans menn koma og leita hjá þeim en Álfdísi er skapstýgg og orðljót og rekur þá í burtu.
5	Þegar Gísli platar Börk og þykist vera Ingjaldsfíflíð. Bóthildur, ambátt, er með honum í bátnum.
6	Þegar Gísli platar Börk með því að lána Þórði huglausa skikkjuna sína. Þórður huglaus er drepinn.
7	Njósna-Helgi kemur út í Hergilsey og er að njósna um Gísla. Sér að kona Ingjalds gefur Gísla mat í jarðhýsi.
8	Þegar Eyjólfur grái vill borga Auði peninga fyrir að kjafta frá felustað Gísla. Auður tekur við peningunum og telur þá – en kemur síðan Eyjólfur grá með peningapungnum.
9	Þegar Börkur og Helgi dulbúast sem stelpur og fá að skoða sverðið hans Þorkels á þingi. Börkur drepur Þorkel með sverðinu og þeir komast undan og flýja til Auðar og Gísla.
10	Lokabardagi Gísla á klettinum. Þegar Auður og Guðríður hjálpa honum en eru síðan bundnar. Þegar Gísli drepur mann og annan, heggur í herðar niður. Þegar Gísli er stunginn í kviðinn og innyflin leka út, hann setur þau inn aftur og bindur beltið fastar.

## Kennsluleiðbeiningar – lota 7

### Markmið

Markmið lotunnar er að nemendur öðlist færni í að vinna með hugmynd frá því hún fæðist og þar til hún fer í útgáfu. Þetta gera nemendur með því að vinna landkynningu fyrir Ísland og í því samhengi er unnið með hugkort.

Í bókmenntahluta lotunnar er áhersla lögð á textavinnu með smásögu eftir Þórarin Eldjárn og sköpunarsögunni úr Biblíunni. Mikilvægt er að nemendur öðlist færni í að fjalla um texta og taka hann úr sínu samhengi. Hér er það gert með því að skoða texta úr Biblíunni með vísun í aðrar bókmenntir, ekki er verið að fjalla um Biblíuna í trúarlegum skilningi.

Með ritun læra nemendur að beita flestu því sem þeir læra. Stafsetning og greinarmerkjasetning ásamt framsetningu efnis eru hin augljósustu atriði. Ritunin endurspeglar einnig málfræðikunnáttu sem birtist í réttu málfari, hvort sem það er beyging orða, orðaröð eða önnur atriði hennar.

Í lotunni sem og öðrum lotum efnisins öðlast nemendur færni í að tjá sig í ræðu og riti.

### Bókmenntir

Smásagan *Eftir Spennufallið* eftir Þórarin Eldjárn er í bókinni *Ó fyrir framan* sem kom út árið 1992, gefin út af Vöku-Helgafelli (forlagid.is).

Sköpunarsaga Biblíunnar er í lotunni. Texta úr Biblíunni er einnig að finna á slóðinni snerpa.is/net.<sup>1</sup> Eins má finna Biblíuna á hljóðbók hjá Blindrabókasafninu (<http://www.hljodbokasafn.is/hljodbaekur/opnar-baekur-fyrir-alla/>) og þar má hlaða henni niður endurgjaldslaust.

Hér þarf kennari að fara vel yfir vísanir og tilgang í sögunni og ljóðunum. Kenna nemendum að kafa undir yfirborðið og bera saman textana og sjá hvað þeir eiga sameiginlegt og hvað ekki.

Dæmi: Í sögunni *Eftir Spennufallið* heitir sjoppueigandinn Guðni / Guðný (guð?) og sögupersónurnar heita Aðalsteinn og Edda (Adam og Eva?). Sá sem kemur í sjoppuna Paradís og spillir friðnum er strákurinn Ormur (snákur?).

Dæmi: Sjoppueigandinn, er hann karl eða kona? Er guð karl eða kona?

Svona mætti halda áfram. Hægt að taka mörg dæmi úr sögunni.

---

<sup>1</sup> Athugið að textinn á vef Snerpu er ekki nýjasta þýðingin á Biblíunni. Árið 2007 kom út ný þýðing og það er ekki ólíklegt að textinn í henni sé aðgengilegri.

## Ljóð

Í lotunni er unnið töluvert með ljóð og þá sérstaklega túlkun þeirra. Einnig er unnið með bragfræði og nemendur fengnir til að semja ljóð og fylgja reglum þess efnis. Gagnlegt að sýna nemendum fram á hvað bindi ljóð (ljóðstafir, rím, taktur) og geri það hefðbundið.

Þar sem ljóðaverkefni eru ekki mjög mörg (ef frá eru talin túlkunarverkefni) þá er upplagt að fjölga verkefnum ef áhugi hópsins er í þá áttina.

**Verkefni 2 – Mannakorn.** Útskýring frá snara.is er eftirfarandi: Mannakorn eru litlir miðar með völdum tilvitnunum í Biblíuna, dregið er úr þeim til e-s konar leiðbeiningar eða spádóms.

Kennari getur útbúið miða með ýmsum tilvitnunum úr Biblíunni eða samið sín eigin mannakorn. Hér að neðan koma nokkrar tillögur sem hægt er að nota. Í bókmenntum 7, verkefni 2 eiga nemendur að skrifa örsögu eða ljóð um efni mannakornsins. Það er gott að vera með laus blöð og biðja nemendur um að vinna verkefnið á blöðin og setja síðan inn í lotuna. Í framsögn og tjáningu þarf kennari að setja mannakornin í skál sem nemendur draga síðan úr og lesa upphátt fyrir bekkinn.

Tillögur að mannakornum:

<sup>18</sup>Og á þeim degi gjöri ég fyrir þá sáttmála við dýr merkurinnar og fugla himinsins og skriðkvikindi jarðarinnar, og eyði bogum, sverðum og bardögum úr landinu og læt þá búa örugga.

<sup>21</sup>Og á þeim degi mun ég bænheyra, segir Drottinn.

<sup>1</sup>"Komið, vér skulum hverfa aftur til Drottins, því að hann hefir sundur rifið og mun lækna oss, hann hefir lostið og mun binda um sár vor. <sup>2</sup>Hann mun lífga oss eftir tvo daga og reisa oss upp á þriðja degi, til þess að vér lifum fyrir hans augliti.

<sup>3</sup>Vér viljum og þekkja, kosta kapps um að þekkja Drottin - hann mun eins áreiðanlega koma eins og morgunroðinn rennur upp - svo að hann komi yfir oss eins og regnskúr, eins og vorregn, sem vökvar jörðina."

<sup>1</sup>Set lúðurinn á munn þér! Eins og örn kemur hann yfir hús Drottins. Því að þeir hafa rofið sáttmála minn og vikið frá lögmáli mínu.

<sup>4</sup>Þá varpaði Drottinn miklum stormi á sjóinn, og gjörði þá svo mikið ofviðri á hafinu, að við sjálft lá, að skipið mundi brotna. <sup>5</sup>Skipverjar urðu hræddir og hét hver á sinn guð. Og þeir köstuðu reiða skipsins í sjóinn til þess að létta á skipinu.

<sup>10</sup>En er Guð sá gjörðir þeirra, að þeir létu af illri breytni sinni, þá iðraðist Guð þeirrar ógæfu, er hann hafði hótað að láta yfir þá koma, og lét hana ekki fram koma.

<sup>7</sup>Land yðar er auðn, borgir yðar í eldi brenndar, útlendir menn eta upp akurland yðar fyrir augum yðar, slík eyðing sem þá er land kemst í óvina hendur.

**Verkefni 3.** Ljóðaljóðin eru á netslóðinni snerpa.is/net, þar smellir maður á Biblían, Gamla testamentið og síðan Ljóðaljóðin (<http://www.snerpa.is/net/biblia/ljod.htm>).

Það sem nemendur eiga að lesa eða hlusta á hjá kennara í Ljóðaljóðunum er úr 4. kafla, vers 1–5 (sjá hér að neðan). Hér er brúðguminn að lýsa brúði sinni.

Úr Biblíuþýðingunni frá 2007

**4** (Hann)

<sup>1</sup>Hve fögur ertu, ástin mín, hve fögur,  
og augu þín dúfur  
undir andlitsblæjunni.

Hár þitt sem geitahjörð  
sem rennur niður Gíleaðfjall,

<sup>2</sup>tennur þínar ær í hóp,  
nýrúnar og baðaðar,  
allar tvílembdar  
og engin lamblaus.

<sup>3</sup>Varir þínar eru sem skarlatsborði  
og munnur þinn yndislegur,  
gagnaugun eins og sneitt granatepli  
undir andlitsblæjunni.

<sup>4</sup>Háls þinn er eins og turn Davíðs  
sem vopnunum er raðað á,  
þar hanga þúsund skildir,  
öll hertygi garpanna.

<sup>5</sup>Brjóst þín eru eins og tveir hindarkálfar,  
dádýrstvíburar  
að leik meðal lilja.

## Ritun

**Smellusaga.** Hér er hugmyndin sú að nemendur eigi að skrifa sögu. Þeir mega velja umfjöllunarefni hennar. Þegar nemendur hafa skrifað í 5–10 mínútur þá smellir kennari með fingrunum (eða segir stopp, hringir bjöllu eða annað) og þá eiga nemendur að fella inn í söguna þá málsgrein sem kennari segir. Kennari smellir fingrum u.þ.b. 5–7 sinnum. Málsgreinarnar geta verið stuttar, langar – og einnig er hægt að fella atburði inn í söguna.

Hér koma tillögur að „smellum“, en það er hægt að velja hvað sem er:

- ... þá opnuðust dyrnar ...
- ... snjóflóðið féll á bæinn ...
- ... stelpan stökk fram og sagði BÚ ...
- ... dómariinn flautaði leikinn af ...
- ... allt í einu var ekki ljóstýru að sjá ...
- ... hann roðnaði alveg niður í tær þegar ...
- ... bekkurinn söng afmælisönginn fyrir ...
- ... geimveran tók hjólið og rauk af stað ...

Það er skemmtilegt að heyra hvernig nemendum hefur tekist að fella málsgreinarnar eða atburðina inn í söguna. Kennari getur lesið búa úr sögunum upphátt þegar hann skilar þeim í lok lotunnar. Einnig er hægt að láta nemendur lesa búa úr sögunni upphátt.

## Málfræði

Hér eru ýmis málfræðiatríði til umfjöllunar. Nánast öll verkefni málfræðinnar eru unnin út frá ljóðinu *Ræfilskvæði*. Hér er hægt að fella ljóðakennslu inn í lotuna ef vill. Tilbreyting að vinna með málfræði út frá ljóðatexta.

## Stafsetning

Þvers og kruss. Kennari þarf að leysa verkefnið áður en nemendur fara af stað.

## Málfarshorn

Nemendur gera könnun til að athuga notkun á sögninni að hlakka (+kvíða ef vill) og athuga þannig þágufallshneigð. Orðið þágufallshneigð þarf að útskýra fyrir nemendum.

Hægt er að fara ýmsar leiðir í þessu sambandi. Til dæmis að láta nemendur skrifa á miða hvernig þeir nota fornafnið HÚN þegar þeir nota sögnina að hlakka. Síðan getur kennari spurt nemendur og skrifað niðurstöðuna á töfluna og skapað umræður út frá því.

Einnig geta nemendur farið heim og gert könnun í fjölskyldunni o.s.frv. Aðalatriði er að skapa umræður og nemendur geti tjáð sig um þetta atriði – og kannski fleiri sem koma upp í tengslum við þágufallshneigðina.

## Framsögn og tjáning

Útskýring orðsins í Íslenskri orðabók, birt á snara.is er eftirfarandi: Mannakorn eru litlir miðar með völdum tilvitnunum í Biblíuna, dregið er úr þeim til e-s konar leiðbeiningar eða spádóms.

Kennari getur útbúið miða með ýmsum tilvitnunum úr Biblíunni. Sjá umfjöllun vegna bókmennta 7, verkefni 2. Þar áttu nemendur að skrifa örsögu eða ljóð um efni mannakorns. Kennari setur mannakornin í skál sem nemendur draga síðan og lesa upphátt fyrir bekkinn.

## Kennsluleiðbeiningar – lota 8

### Markmið

Markmið lotunnar er að nemendur kynnist leikritun og þeim atriðum sem tengjast henni. Þetta gera nemendur með því að lesa leikrit saman og æfa þannig leiklestur og persónusköpun.

Í bókmenntahluta lotunnar er áhersla lögð á að kenna nemendum þau hugtök sem tengjast leikritun og gera sér grein fyrir því hvaða atriði höfundur notar til að skapa persónur, umhverfi, áhrif og fleira. Verkefnið í bókmenntum miðar að því að kafa undir yfirborðið og skapa umræður um þessa þætti.

Með ritun læra nemendur að beita flestu því sem þeir læra. Stafsetning og greinarmerkjasetning ásamt framsetningu efnis eru hin augljósustu atriði. Ritunin endurspeglar einnig málfræðikunnáttu sem birtist í réttu málfari, hvort sem það er beyging orða, orðaröð eða önnur atriði hennar.

Í ritun þessarar lotu eiga nemendur að semja leikrit. Hér byggja nemendur á þeirri vinnu sem fer fram á undan, þ.e. að lesa leikrit saman og umfjöllun um þau hugtök og þætti sem höfundur beitir til að ná fram þeim hughrifum sem hann hefur hugsað sér.

Í lotunni sem og öðrum lotum efnisins öðlast nemendur færni í að tjá sig í ræðu og riti.

### Bókmenntir

Hér þarf að finna leikrit til að lesa saman. Gott að hafa samband við Bandalag íslenskra leikfélaga og kaupa af þeim handrit og ljósrita fyrir bekkinn. Margt kemur til greina, t.d. *Músagildran* eftir Agöthu Christie. Passa að hafa leikritið ekki of langt. Gott að reikna með einni viku hámark í lestri.

Meðan á lestri stendur og eftir lesturinn þarf að ræða ýmis hugtök sem tengjast leikritun.

Persónusköpun; hvernig skapar höfundur persónur?

Hvaða áhrif skapar mismunandi málfar?

Umhverfi; hvaða áhrif hefur það?

Sögumaður; er hann nauðsynlegur?

Hvernig kemur höfundur til skila því sem persónur hugsa?

Hughrif; hvernig skapar höfundur þau?

Spenna; hvernig er hægt að ná spennu í leikritinu?

Hvenær er ris í leikriti?

o.s.frv.

## Ritun

Hér semja nemendur leikrit, annaðhvort í einstaklingsvinnu eða tveir og tveir saman. Hér þurfa nemendur að ákveða hvernig persónur eigi að vera í leikritinu og til þess að ná fram eiginleikum hennar þá verða þeir að nota málsgreinar og fas sem passar við persónuna. Hér koma að góðum notum umræðurnar sem fóru fram í vikunni á undan um þau hugtök og þætti sem höfundur notar við að skapa persónur í leikriti.

Hafa þarf í huga að leikritið verður flutt af öðrum nemendum bekkjarins og því mikilvægt að vera nákvæmur í persónulýsingum því aðrir nemendur vita ekki hvað höfundurinn er að hugsa. Hafa góðar og nákvæmar lýsingar á umhverfi og persónum.

Gott að hafa umræður um flutning leikrita. Þar getur komið fram hvort leikendur skildu persónulýsingar og túlkuðu á þann hátt sem höfundur vildi.

## Orðasúpa

Í orðasúpunni þurfa nemendur að skrifa dagbókarfærslu fyrir einn dag. Þeir eiga að sýna að þeir skilji og geti beitt málsháttum eða orðtökum í textavinnu. Verður að koma skýrt fram að nemendur skilji þá málshætti og orðtök sem þeir velja.

## Málfræði

Hér eru málfræðiverkefni unnin út frá ljóði. Ýmis málfræðiatríði koma við sögu; sagnir, orðflokkar og fleira.

## Stafsetning

Blogg. Tillaga að útfærslu: Setja þrjú plaköt upp á vegg í kennslustofu. Hver nemandi þarf að blogga a.m.k. einu sinni á hvert plakat. Kennari setur orð eða málsgrein fyrir ofan eitt plakat í einu og nemendur fá post-it miða til að blogga á. Geta skrifað undir dulnefni ef vilja.

Tillaga að orðum eða málsgreinum: Fóstureyðingar, Ísland afsalaði sjálfstæði sínu, mannréttindi, afnema skólaskyldu, það er fáránlegt að setjast upp í bíl hjá drukknum ökumanni, fjöldi mola miðast við aldur ...

## Málfarshorn

Hér skiptir máli að nemendur séu færir um að tjá sig um orðaröðun og áhrif orða. Gott að skrifa málsgrein á töfluna og láta nemendur færa orð sem hefur mikil áhrif. Orð eins og *alltaf*, *aldrei*, *oft* og



fleira. Velta því fyrir sér hvort þessi orð eigi að nota, hvaða áhrif hefur það ef orðunum er sleppt í málsgrein og fleira.

### **Framsögn og tjáning**

Hér eiga nemendur að flytja leikritin sem þeir skrifuðu í rituninni. Kennari tekur leikritin og dreifir þeim til nemenda (eða lætur draga). Þannig eiga nemendur að flytja leikrit eftir aðra. Gott að hafa umræður eftir flutning og heyra hvort höfundur/höfundar séu sáttir við flutninginn og hvort leikendur hafi náð fram því sem höfundur vildi.